

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 22. nóvember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (ýmsar breytingar), mál nr. 282/2019

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin), hafa tekið til ofangreint frumvarp sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 13. nóvember 2019.

SA fagna markmiði frumvarpsins um að eyða réttaróvissu og skýra skattalöggjöf og telja frumvarpið í heildina innihalda jákvæðar breytingar. SA gera hins vegar eftirfarandi athugasemdir við breytingar á kærufresti sem lagðar eru til í 12. gr. frumvarpsins.

Í 12. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 99. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Ákvæðið gerir ráð fyrir að kærufrestur skattaðila til ríkisskattstjóra vegna ákvarðaðs skatts eða skattstofns, verði 3 mánuðir fyrir einstaklinga en 1 mánuður fyrir lögaðila. Núverandi ástand gerir ráð fyrir 3 mánaða kærufresti fyrir alla skattaðila. Með lögum nr. 50/2018 var kærufrestur lengdur úr 60 dögum í þrjá mánuði. Breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er illa rökstudd í athugasemdum í greinargerð og einungis talað um að heppilegra sé að kærufrestur lögaðila sé styttri en nú er þar sem þriggja mánaða kærufrestur hefur orðið til að lengja þann tíma sem líður frá því að álagning er birt þar til unnt er að úrskurða um kærur. Á sama tíma er lagt til að sá tími sem ríkisskattstjóri hefur til að afgreiða kærur verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá. Almennt séð má hins vegar ætla að lögaðilar þyrftu lengri tíma en einstaklingar til að undirbúa kærur. Breytingin virðist illa ígrunduð og leggja SA til að núverandi ástand verði óbreytt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir